

Skýrsla Vallarnefndar 2012

Í Vallarnefnd sátu þrír félagar úr Skugga, Reynir Magnússon, Halldór Sigurðsson og Pétur Sumarliðason.

Starf vallarnefndar hófst í raun fyrir tveimur árum og var þá sest niður og hugað að því hvað þyrfti að gera fyrir reiðvöllin og vallarsvæðið á komandi árum. Kom í ljós að þegar farið var að skoða völlinn að kaðalgirðing umhverfis reiðvöll var orðin mjög léleg og völlurinn orðin holóttur og illa farinn. Margar góðar hugmyndir voru settar á blað, þó aðallega ein sem stóð upp úr, það var að laga keppnisbrautirnar og setja nýja kantgirðingu á brautir. Bæta aðkomu og huga að reiðvegi milli hesthúsa og reiðhallar. Farið var í það að skoða aðra reiðvelli á Suðurlandi og Vesturlandi og talað við vallarstarfsmenn hjá öðrum félögum og aðra sem gætu gefið hugmyndir að nýju útliti á girðingum og hvað það myndi kosta að girða völlinn upp á nýtt og sérstaklega hvað efni í hann myndi kosta. Farið var að semja við fyrirtæki um kostnað og láta gera tilboð í ýmsa verkþætti. Sumum tilboðum var tekið og öðrum ekki eins og gefur að skilja.

Ákveðið var að reyna að klára að girða hringvöllinn og setja efni í hann fyrir Íþróttamót eða úrtöku á Landsmót Hestamanna 2012 sem haldið var í Bgn.

Gamla girðingin var hreinsuð í burtu til að flýta fyrir uppsetningu og efniskeyrslu í völlinn. Farið var í það að GPS mæla völlinn og reka niður hæla til viðmiðunar og við lá að þá vinnu þyrfti að endurtaka alla aftur einhverra hluta vegna því erfitt þótti að fá hæla til að tolla á sínum stað. Yfirleitt þegar þeir sem voru að vinna við völlin mættu til verks lágu um 5-10 hælur í götunni og fótspor eftir hesta þar hjá. Stóðu hælarnir þó einum metra fyrir utan brautina. Þótti þetta dálítið skrítið þar sem verið var að byggja þetta allt upp fyrir hestamenn.

En þegar byrja átti á efniskeyrslu fengust engar vélar í verkið um þá helgi sem ákveðin var, þannig að fresta varð öllu um 2 vikur.

Og akkúrat á þeim tíma var haldin firmakeppni sem þó tókst að halda slysalaut án allra girðinga í kring um keppnisbrautina.

Þegar loksins fengust vélar var drifið í að keyra efni í völlinn, um 100 rúmmetrar af mulning og hann heflaður í rétta hæð. Síðan var hringt í mannskap til að reka niður stálteina meðfram brautum. Ekki gekk of vel með stórum sleggjum að reka staurana niðuri jarveginn enda brautirnar vel þjappaðar, þannig að tekið var á það ráð að smíða sérstakt stykki framan á fleyg á minigröfu og gekk þá verkið mikið betur. Síðan var völlurinn saltaður, bleyttur og þjappaður. Tókst að lokum að klára verkið tímanlega fyrir næsta mót sem halda átti og voru knapar og aðrir bara sáttir og ánægðir með tilganginn.

Alls tóku þátt í þessu verki um 20 manns og hver maður skilaði um og yfir 30 tíma vinnu. Sérstaklega skal þakkað þeim verktökum og fyrirtækjum sem lánuðu eða leigðu vélar og tæki í þetta verk.

En þeir voru:
HS verktakar.
Borgarverk.
Loftorka.

Með þökk fyrir góða samvinnu.

Vallarnefnd.